



Innflutningur lifandi dýra

Dr. Björn Steinbjörnsson
Sérgreinadýralæknir inn- og útflutnings

Lög um innflutning dýra nr. 54/1990

1. gr.

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingar og lagardýr sem lifa að hluta eða að öllu leyti í fersku vatni.

Skilgreining á merkingu orðsins dýr í lögnum.

Lög um innflutning dýra nr. 54/1990

2. gr.

1.mgr. Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra.

Lög um innflutning dýra nr. 54/1990

- 2. gr

4. mgr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis þeirra, (sbr. þó 4. gr. a), **enda sé stranglega fylgst með þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.**

Reglugerð nr. 935/2004

um innflutning gæludýra og hundasæðis

Gæludýr: Dýr af eftirgreindum tegundum og flokkum:

Hundar , kettir, kanínur, skrautfiskar,
vatnadýr, nagdýr og búrfuglar.


Lög nr. 141

frá 19. desember 2007 um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum


Frá og með 1. janúar 2008 færast framkvæmd innflutnings gæludýra frá sjávarútvegs-landbúnaðarráðuneyti yfir til yfirdýralæknis/Matvælastofnunar

Innflutningur hunda og katta 2003-2008


-Yfirlit-




Árið 2008 voru fluttir inn 210 hundar frá 62 löndum



Árið 2008 voru fluttir inn 28 kettir frá 24 löndum



Innflutningur búrfugla og nagdýra 2008



Skapgerðarmat

Samkv. lögum nr. 141/2007:

3. gr.: Yfirdýralækni er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir.

Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hættu getur stafað af.

Skapgerðarmat

- Átæða þess, að krafist er skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn, er sú, að varna því að til landsins flytjist hundar sem geta orðið hættulegir eigendum sínum, öðrum dýrum og fólki. Niðurstaða skapgerðar- mats á að tryggja, að samskipti eiganda og hunds gangi snurðulaust fyrir sig. Eigandi hunds sem krafist er skapgerðarmats á, geri sér grein fyrir ábyrgð sinni sé hann með hundinn á almannafæri.

Markmið skapgerðarmats

- Að greina einstaklinga sem eru með raskaða samskiptahæfileika (árásargjarnir, grimmir, ógnandi eða erfiðir í umgengni). Árásargirni kemur síður í ljós sem aðlögun að umhverfinu, heldur brýst hún frekar fram sem afleiðing af erfðamengi viðkomandi hunds, skyndilega og ástæðulaust.
- Árásargjarnir og grimmir hundar líða fyrir ástand sitt og eru hættulegir umhverfi sínu.

Aldur

- Hundar þurfa að vera orðnir 15 mánuða þegar þeir fara í skapgerðarmat.
- Fyrr eru hundar ekki orðnir full þroskaðir skapferðislega séð.

Hver má framkvæma skapgerðarpróf ?

- Þar til bærir einstaklingar sem sannað geta sérmenntun í hundasálfræði eða hundapjálfun.

Afhverju skapgerðarpróf ?

- Erfðamengi og umhverfi skipta miklu máli og eru samofnir hlutir. En árásargirni er erfða- tengd, þótt margar aðrar orsakir skipti einnig máli. Hafa verður í huga, að ýmsar aðstæður geta valdið því að grimmd blossomar upp í hundi. Þess vegna er mikilvægt, að skapgerðarprófið sem lagt er fyrir hundinn, sé byggt á vísinda- legum grunni. Niðurstöður þess þurfa að vera ábyggilegar.

Óheimill innflutningur

Samkv. 13 gr. reglugerðar nr. 935/2004

Bannað er að flytja inn eftirfarandi hundategundir:

- Pit bull Terrier / Staffordshire Bull Terrier
- Fila Brasileiro
- Toso Inu
- Dogo Argentino
- Blendinga af úlfum og hundum, svo og sæði blendinga af úlfum og hundum

Heimill innflutningur

- Allar hundategundir sem ekki eru taldar upp í 13. gr. reglugerðar nr. 935/2004 og hafa staðist skapgerðarpróf ef þess var krafist.